



LEIÐBEININGAR AMS CAMP ALARM P GASSKYNJARAR

ALMENNAR UPPLÝSINGAR: Skynjarinn skal tengdur við 12V DC rafgeymir. Ef hann er tengdur við lægri straumgjafa er hann óvirkur. Ef hann aftur á móti er tengdur við hærri staumgjafa getur hann eyðilagst.

Í öryggisskyni er gasskynjarinn með innbyggðum rafeinda straumjafnara, ef spennufall yrði. Frávikið er 12V DC +/- 20%. Ef frávikið verður mun meira en að framan greinir er hætt við að skynjarinn og straumjafnarinn gefi sig.

Ef þörf er á tengingu við 220V AC er hægt að útvega straumkerfi Camp Signal sem vinnur á 220V AC eða 12V DC með sjálfvirkri skiptingu.

STAÐSETNING: Skynjarinn skal staðsettur u.þ.b. 20sm. frá gólfi, eins nálægt gastækinu og hægt er. Til frekari skýringar: Gas er þyngra en loft og fellur þess vegna niður. Það dreifir sér líkt og vatn og leitar að lægsta punkti.

UPPSETNING: Skynjarann er hægt að festa með lími, skrúfum eða hvoru tveggja.

Líming: Gangið úr skugga um að staðurinn sem skynjarinn skal festast á sé sléttur (ekki veggfóður), ryklaus og fitulaus. Ef nauðsyn krefur, þvoið blettinn með sápuvatni og þurrkið vel. Fjarlægið græna miðann af límbandinu sem er aftan á skynjaranum og þrýstið honum vel á þann stað sem hann á að vera.

Skrúfun: Losið aðeins gráu miðplötuna framan á skynjaranum með skrúfjárnri og fjarlægið. Festið skynjarann með skrúfunni sem fylgir í gegnum skrúfugatið. Ef þarf, notið síl til að gera gat í vegginn fyrir skrúfunni. Smellið síðan gráu miðplötunni á aftur.

TENGING: Aðeins í 12V DC rafgeymi. Áríðandi er að pólarnir séu rétt tengdir, þ.e. + við + og - við -. + vírinn er rauður. Skynjarinn er með af/á rofa. Kveikja skal á skynjaranum þegar hann á að vera í notkun og logar þá grænt ljós á honum.

UPPHITUNARTÍMI: Eftir að slökkt hefur verið á skynjaranum og síðan kveikt á honum aftur þarf hann smá upphitunartíma sem getur verið 7 til 8 mínútur. Á meðan á því stendur heyrst ýl í skynjaranum sem hljóðnar þegar hann er tilbúinn og er þá virkur.

PRÓFUN: Græna ljósið sýnir að skynjarinn er í sambandi við rafmagn. Til að prófa hann enn frekar, notið þá gaskveikjara sem þið kveikið á, án logans, nálægt skynjaranum. Þá heyrst aðvörunarhljóð sem deyr út um leið og lokað er fyrir gasstreymið frá kveikjaranum.

UMHIRÐA: Þurrkið rykið af skynjarnum með afþurrkunarklút eða rökum kút. Ef mikið ryk hefur safnast fyrir blásið því út eða ryksugið burt í gegn um raufarnar. Aldrei má hella vatni á skynjarann því þá skemmist hann. Opnið alls ekki skynjarann.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR: Þar sem skynjarinn er mjög næmur getur hann gefið ótímabæra viðvörun því hann svarar einnig öðrum lofttegundum eins og t.d. hárlakks og slíkra úðunarefna, jafnvel miklum tóbaksreyk. **Ef óbrennt gas safnast saman fer viðvörun af stað. Opnið alla glugga og hurðir strax. Forðist neista og kveikið ekki á neinu rafmagnstæki né rofa. Slökkið strax á gastækjum s.s. gasofni, eldavél, ísskáp, ljósum og kæfið opinn eld. Gangið úr skugga um að allir yfirgefi húsið strax. Reynið að komast að ástæðum viðvörunarinnar og reynið að komast fyrir orsökina. Setjið tækið sem þessu olli strax í viðgerð.**

STRAUMNOTKUN/HITAMÖRK:

Við skynjun 200 mA en við viðvörun 225mA u.þ.b. 2W. Hitamörk: -20°C til 41°C.